

Jafnlaunastefna

Markmið: Að koma í veg fyrir kynbundinn launamun í sambærilegum störfum og tryggja að sömu verklagsreglur gildi um launaákvörðanir allra starfa hjá Benchmark Genetics Iceland (BGI)

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri BGI ber ábyrgð á að skilgreina stefnu fyrirtækisins. Mannauðsstjóri ber ábyrgð á innleiðingu, umbótum og hlítini við sett viðmið, sem og að tryggja að stjórnendur þekki stefnuna og uppfylli öll skilyrði

Framkvæmd:

BGI skuldbindur sig til þess að innleiða viðmið við ákvörðun launa sem tryggja að allt starfsfólk fái greitt fyrir störf sín út frá verðmæti þeirra, óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum þáttum.

Ráðningar, laun, hlunnindi og starfsþróun ákvarðast ekki á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynvitundar, stjórnmalaskoðanna, eða öðrum ómálefnalegum þáttum.

Þegar nýr starfsmaður er ráðinn þá er, við ákvörðun launa, tekið mið af þeim kröfum sem starfið gerir með tilliti til launamyndunarkerfis og verklagsreglna um ákvörðun launa fylgt.

Til að mæla hlítini er launaúttekt framkvæmd árlega. Þá eru borin saman jafn verðmæt störf og athugað hvort munur mælist á launum eftir kyni. Einnig eru innri úttektir framkvæmdar reglulega. Árlega er farið yfir gildandi lög og reglugerðir um jafnlauna- og jafnréttismál og hlítini við lög staðfest á fundi.

BGI skuldbindur sig til að bregðast við frávikum og vinna þannig að viðhaldi jafnlaunakerfis með stöðugum umbótum og eftirliti.

Með því að framfylgja jafnlaunastefnu tryggir BGI að lögum og kröfum sé framfylgt.

Jafnlaunastefnan er líkt og aðrar stefnur BGI rýnd og yfirfarin árlega. Jafnframt rýna mannauðsstjóri og framkvæmdastjóri BGI árangur jafnlaunakerfisins á hverju hausti til að tryggja að það henti áfram, sé fullnægjandi og virkt. Rýnin skal m.a. fela í sér mat á tækifærum til umbóta og þörfinni á því að gera breytingar á jafnlaunakerfinu, þ.m.t. jafnlaunastefnunar.